ALÞINGI

Alþingi
Erindi nr. Þ 139/7
komudagur 21.10.2010

Reykjavík 21. október 2010

Félags- og tryggingamálanefnd Alþingis
Sigríður Ingibjörg Ingadóttir formaður

Fjárlaganefnd óskar eftir áliti félags- og tryggingamálanefndar á þeim hluta fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 2011 sem er á málefnasviði nefndarinnar. Jafnframt er óskað eftir tillögum að skiptingu á einstökum safnliðum eftir því sem við á. Álitið óskast sent fjárlaganefnd eigi síðar en 11. nóvember nk.

Fjárlaganefnd tekur fram að unnið er að breyttu verklagi við skiptingu safnliðs sem fyrirhugað er að beita við fjárlagagerð ársins 2012. Áætlað er að kynna nefndinni drög að breytingunum í janúar 2011.

Fjárlaganefnd óskar eftir að talsmenn nefndarinnar geri grein fyrir álitinu á fundi með fjárlaganefnd. Fundartími verður ákveðinn síðar.

Virðingarfyllst,
f.h. fjárlaganefndar Alþingis

Oddný G. Harðardóttir

Oddný G. Harðardóttir formaður

FJÁRLAGANEFND

ALÞINGI · 150 REYKJAVÍK · SÍMI: 563 0400 · FAX: 563 0410